Nýtt í bíó

LÚXUS

FYRSTA STÓRMYND ÁRSINS

3 VIKUR Á TOPPNUM Í USA!

FRÁBÆR GAMANMYND FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA MEÐ BEN STILLER OG ROBIN WILLIAMS

NIGHT AT THE MUSEUM
ÆVINTÝRASAFNIÐ
Coca-Cola
L

MEISTARAVERK EFTIR
MEL GIBSON
TOPPMYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG
APOCALYPTO
★★★★ Þ.Þ. - FBL
★★★★ SVALI Á FM 957
16
ENGIN FÆR FLÚIÐ ÖRLÖG SÍN

LITTLE MISS SUNSHINE
FRÉTTABLAÐIÐ
★★★★ MHG - FRÉTTABLAÐIÐ
★★★★ H.J. - MBL
★★★★ LIB - TOPP5.IS
7
græna ljósið
ATH: EKKERT HLÉ Á MYNDUM GRÆNA LJÓSSINS

Borgarbíó
Sími 462 3500 • Hólabraut 12 • www.borgarbio.is

Night at the Museum	kl. 5.50, 8 og 10.10	
Apocalypto	kl. 8 og 10.40	B.i. 16 ára
Köld slóð	kl. 6	B.i. 12 ára

SMÁRA BÍÓ

Night at the Museum	kl. 3.20, 5.40, 8 og 10.20		
Night at the Museum	LÚXUS kl. 3.20, 5.40, 8 og 10.20		
Apocalypto	kl. 5, 8 og 10.55	B.i. 16 ára	
Litle Miss Sunshine	kl. 5.50	B.i. 7 ára	
Köld slóð	kl. 5.45, 8 og 10.15		B.i. 12 ára
Mýrin	kl. 8		B.i. 12 ára
Eragon	kl. 3.40		B.i. 10 ára
Artúr & Mínimóarnir	kl. 3.40		
Casino Royale	kl. 10.10		B.i. 10 ára

midi.is - Miðasala í Smárabíó og Regnbogann - Engar biðraðir

Dolby Sími - 462 3500 BÍÓ.IS Sími - 564 0000 SDDS Sony Dynamic Digital Sound BÍÓ.IS

staðurstund

Skráning viðburða

Skráning viðburðar í Staður og stund er á heimasíðu Morgunblaðsins, www.mbl.is/sos

Tónlist

Hafnarborg | Nýárstónleikar Tríós Reykjavíkur 21. janúar kl. 20: Elín Ósk Óskarsdóttir sópransöngkona verður gestur á tónleikunum. Bryndís Halla Gylfadóttir leikur á selló í stað Gunnars að þessu sinni. Efnisskrá fyrri hlutans verður að mestu helguð Edvard Grieg, en í ár verður öld liðin frá andláti hans. Í síðari hlutanum verða leiknir dansar og polkar úr óperettum.
Salurinn, Kópavogi | Föstudagur 19. janúar kl. 20: Stefán Höskuldsson flautuleikari og rússneski píanóleikarinn Elizaveta Kopelman leika verk eftir C.P.E. Bach, Fauré, Debussy og Prokofiev. Stefán er fastráðinn í hljómsveit Metropolitan-óperunnar í New York. Miðaverð: 2000/1600 kr. í síma 570 0400 og á www.salurinn.is.
Salurinn, Kópavogi | Laugardag 20. janúar kl. 17: Burtfarartónleikar frá Söngskólanum í Reykjavík. Eydís Sigríður Úlfarsdóttir sópransöngkona og Krystyna Cortes píanóleikari. Meðal efnis á tónleikunum eru íslensk þjóðlög og verk eftir Brahms, Alban Berg, Purcell og Mascagni. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir!
Salurinn, Kópavogi | Laugardag 20. janúar kl. 20: Nína Margrét Grímsdóttir, píanó, Auður Hafsteinsdóttir, fiðla, Sigurður Bjarki Gunnarsson, selló, og Sigurgeir Agnarsson, selló, flytja verk eftir Sveinbjörn Sveinbjörnsson, en hann hefði orðið 160 ára á árinu. Miðaverð: 1500/1000 kr. í s. 570 0400 og á salurinn.is.
Tónlistarskóli F.Í.H. | Sigríður Hulda Geirlaugsdóttir píanóleikari, Sigurður Flosason saxafónleikari og Valgerður Andrésdóttir píanóleikari flytja tónlist frá Brasilíu kl. 20.

Myndlist

101 gallery | Stephan Stephensen, aka president bongo. If you want blood ... you've got it! Sýningartími 18. jan.–15. feb. Opið þriðjudaga til laugadaga kl. 14–17.
Anima gallerí | Þórunn Hjartardóttir. Ljósmyndir og málverk. Sýningin stendur til 27. jan. Opið kl. 13–17 þri.–lau. www.animagallery.is.
Artótek, Grófarhúsi | Sýning á verkum Guðrúnar Öyahals myndlistarmanns í Artóteki, Borgarbókasafni. Á sýningunni eru lágmyndir unnar í tré og ýmis iðnaðarefni s.s. gler, nagla, sand og rafmagnsvír. Guðrún lauk námi frá MHÍ árið 1997. Sjá: www.artotek.is. Til 18. febrúar.
Gallerí Auga fyrir auga | Ljósmyndasýning David McMillan á myndum frá Chernobyl. Myndirnar eru teknar eftir kjarnorkuslysið 1986. MacMillan byrjaði að mynda í Chernobyl 1994 og hefur síðan farið þangað 11 sinnum og er hluti afraksturs hans til sýnis til loka janúar. Opið miðvikud. og föstud. kl. 15–19 og lau. og sun. kl. 14–17.
Gerðuberg | Hugarheimar – Guðrún Bergsdóttir sýnir útsaum og tússteikningar. Ein allsherjarsinfónía fjölskrúðugra lita og forma; eins og íslensk brekka þakin berjum að hausti eða brúðarklæði frá Austurlöndum. Sýning á myndskreytingum í íslenskum barnabókum 2006. Sýningin stendur til 21. janúar 2007. Tekið er á móti 8 ára skólabörnum í samstarfi við Borgarbókasafnið. Sjá www.gerduberg.is.
Gerðuberg á í safni sínu um 1000 listaverk eftir börn sem unnin voru í listsmiðjunum Gagn og Gaman sem starfræktar voru sumrin 1988–2004. Til 21. janúar.
Hafnarborg | Opnuð hefur verið í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar, málverkasýningin Einsýna list. Listamennirnir eru Edward Fuglø, Astri Luihn, Sigrún Gunnarsdóttir, Torbjørn Olsen, Eyðun av Reyni og Ingálvur av Reyni. Til 4. febrúar.
i8 | Sýning á verkum Kristins E. Hrafnssonar stendur yfir til 24. febrúar. Opið er þri.–fös. kl. 11–17 og lau. kl. 13–17.
Kaffi Sólon | Erla Magna Alexandersdóttir – Veröldin sem ég sé og finn. Erla sýnir málverk. Til 2. febrúar.
Kling og Bang gallerí | Sirra Sigrún Sigurðardóttir, Hekla Dögg Jónsdóttir, Ásdís Sif Gunnarsdóttir og Daníel Björnsson sýna í Kling & Bang gallerí, Laugavegi 23. Sýningin heitir Ljósaskipti – jólasýning Kling og Bang og stendur til 28. janúar.
Listasafn ASÍ | Jóhann Ludwig Torfason sýnir „Ný leikföng": tölvugerð málverk af skálduðum leikföngum fyrir hina meðvituðu yngstu kynslóð og silkiþrykktar þrautir. Hlynur Helgason sýnir verk sem hann nefnir „63 dyr Landspítala við Hringbraut": kvikmynd, ljósmyndir og málverk. Til 28. janúar. Aðgangur ókeypis.
Listasafnið á Akureyri | Sýning á verkum Jóns Óskars, Les Yeux de L'ombre Jaune, og Adam Batemans, Tyrfingar. Opið alla daga nema mánudaga kl. 12–17.
Listasafn Íslands | Frelsun litarins/Regard Fauve, sýning á frönskum expressjónisma í upphafi 20. aldar. Sýningin kemur frá Musée des beaux-arts í Bordeaux í Frakklandi, 52 verk eftir 13 listamenn. Sýning á verkum Jóns Stefánssonar í sal 2. Opið kl. 11–17 alla daga, lokað mánudaga. Ókeypis aðgangur.

Myndlist

Síðustu forvöð að sjá sýninguna Uncertain States of America



Nú eru síðustu forvöð að sjá sýninguna Uncertain States of America – bandarísk list á þriðja árþúsundinu sem nú stendur yfir í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsi.

Á sýningunni eru verk eftir rúmlega fjörutíu af fremstu samtímalistamönnum Bandaríkjanna, sem allir eru fæddir eftir 1970.

Sýningin endurspeglar vel þá þróun sem á sér stað í samtímamyndlistinni í dag. Sýningin var upphaflega skipulögð af Astrup Fearnley-safninu í Ósló og var fyrst opnuð þar haustið 2005. Síðan þá hefur hún m.a. farið til New York og London og er ferðalaginu hvergi nærri lokið.

Safnstjórinn, Gunnar Kvaran, stóð fyrir vali á listamönnunum ásamt hinum alþjóðlega viðurkenndu sýningarstjórum Hans Ulrich Obrist og Daniel Birnbaum.

Sýningarlok eru sunnudaginn 21. janúar en sama dag kl. 15 verður boðið upp á leiðsögn um sýninguna. Vegna sýningaskipta verður Hafnarhúsið lokað til laugardagsins 3. febrúar.

Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn | Málarahópurinn Gullpensillinn 2007. Tíu þjóðþekktir listmálarar sýna ný verk þar sem blái liturinn er í öndvegi. Safnbúð og kaffistofa. Til 11. febrúar.
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar | Lokað í janúar
Nýlistasafnið | Sýning Kolbeins, „Still drinking about you", er einstakt tækifæri fyrir gesti til að skyggnast inn í íveru listamannsins. En hún fjallar einnig á fordómalausan hátt um sjúkan hugarheim fíkilsins. Opin frá kl. 13–17 til 31. janúar. Um helgar verður opið til miðnættis. Lokað mánudaga og þriðjudaga.
Skaftfell | Framköllun, sýning Haraldar Jónssonar, stendur til 20. janúar. Opið um helgar eða eftir samkomulagi.
Skaftfell | Melkorka Huldudóttir sýnir „Beinin mín brotin" á Vesturvegg Skaftfells í janúar. Sýningin er opin um helgar frá kl. 13 til 18 eða eftir samkomulagi.
Þjóðminjasafn Íslands | Á Veggnum í Þjóðminjasafninu stendur yfir jólasýning með myndum tvíburabræðranna Ingimundar og Kristjáns Magnússona.
Í Myndasal Þjóðminjasafnsins eru til sýnis þjóðlífsmyndir úr safni hins þjóðþekkta Guðna Þórðarsonar í Sunnu, bladamanns, ljósmyndara og ferðamálafrömuðar. Myndirnar tók hann við störf og ferðalög á tímabilinu 1946–1960.
Í Bogasal Þjóðminjasafnsins stendur yfir sýning á útsaumuðum handverkum listfengra kvenna frá fyrri öldum. Sýningin byggir á rannsóknum Elsu E. Guðjónsson textíl- og búningafræðings.

Söfn

Gljúfrasteinn – hús skáldsins | Opið alla daga nema mánudaga kl. 10–17. Hljóðleiðsögn á íslensku, ensku, þýsku og sænsku. Margmiðlunarsýning og gönguleiðir í nágrenninu. Frekari upplýsingar á www.gljufrasteinn.is. Sími 586 8066.
Landnámssýningin Reykjavík 871±2 | Landnámssýningin Reykjavík 871±2, Aðalstræti 16, er lokuð í janúar og febrúar vegna lokaáfanga forvörslu skálarústarinnar. Opnað að nýju 3. mars.
Landsbókasafn Íslands – háskólabókasafn | Í spegli Íslands er lítil sýning í forsal þjóðdeildar safnsins. Þar er sagt frá ferðasögum til Íslands í gegnum aldirnar. Sjá nánar á heimasíðu, www.landsbokasafn.is.
Ljósmyndasafn Reykjavíkur | Skotið: Menjar tímans – Sissú. Sýningin fjallar um áferð og athafnir sem verða til við breytingar í umhverfi mannsins og eru myndirnar brotabrot af menjum og tímasveiflu í byggðu umhverfi á Reykjavíkursvæðinu.
Myntsafn Seðlabanka og Þjóðminjasafns | Í húsnæði Seðlabankans á Kalkofnsvegi 1 hefur verið sett upp yfirlitssýning á íslenskum gjaldmiðli og öðru efni í eigu safnsins. Sýningin er opin mán.–fös. kl. 13.30–15.30. Gengið inn um aðaldyr bankans frá Arnarhóli. Aðgangur er ókeypis.
Þjóðmenningarhúsið | Að vanda eru fjölbreyttar sýningar í sölum Þjóðmenningarhússins. Þær eru: Íslensk tískuhönnun, með fatalínum frá níu merkjum eða hönnuðum í samhengi við íslenska náttúru; Berlin Excursion, bókagerðarlist frá forlagi rithöfunda og myndlistarmanna frá Berlín; Fyrirheitna landið og Handritin að auki.
Þjóðminjasafn Íslands | Skoðunarferð um grunnsýningu Þjóðminjasafnsins er ævintýralegt ferðalag gegnum 1200 ár sem hefst í skipi landnámsmanna og lýkur í flughöfn nútímans. Opið alla daga nema mánudaga kl. 11–17.

Skemmtanir

Cafe Amsterdam | „Video show", dans og gleði fram eftir nóttu.
Café Paris | Börkur spilar það helsta í soul/funk/r&b og hiphop.
Málaskólinn LINGVA | Boðið er upp á skemmtileg tungumálanámskeið á vormisseri 2007. Ítalska, spænska, enska, þýska og franska. Kennt í Faxafeni 10. Skráning í síma 561 0315 eða á www.lingva.is.
Pakkhúsið, Selfossi | Hljómsveitin Bermuda leikur í kvöld.
Vélsmiðjan, Akureyri | Hljómsveitin Úlfarnir leikur fyrir dansi í kvöld. Húsið opnað kl. 22, frítt inn til miðnættis.

Mannfagnaður

Breiðfirðingafélagið | Spiluð verður félagsvist í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14, sunnudaginn 21. janúar kl. 14. Parakeppni.
Húnvetningafélagið í Reykjavík | Laugard. 3. febrúar er þorrablót í Húnabúð, Skeifunni 11, 3. hæð (lyfta). Húsið opnað kl. 19.30, borðhald hefst kl. 20. Fjölbreytt dagskrá, sungið leikið og dansað, veislustjóri er sr. Hjálmar Jónsson. Miðapantanir í síma 895 0021. Miðasala í Húnabúð fimmtud. 1. febrúar kl. 20–21. Allir velkomnir.

Kvikmyndir

MÍR | Þar sem margir urðu frá að hverfa á sýningu MÍR sl. sunnudag 14. janúar á kvikmyndinni „Önnu Karenínu" með Gretu